



12. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn að Laugum í Sælingsdal 14. október 2016

Mætt eru Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SOJ), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ. Sigurður Óskar Jónsson tók sæti aðalmanns.

Forföll boðuðu: Kristinn Óskar Grétuson (KÓG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Helga Jóhannesdóttir (HeJ).

1. Fundur settur.

Formaður setti fundinn kl.16:50.

2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra. AIP sagði frá helstu verkefnum síðan á síðasta fundi; heimsókn í Menntamálaráðuneyti vegna EUF. Haldið var námskeið í markmiðasetningu í samstarfi við Brynjar Karl Sigurðsson og sóttu um 30 ungmenni námskeiðið. Verkefnið *Sýndu karakter* er farið af stað og hefur vakið mikla athygli. UMFÍ sendi inn athugasemdir við lýðheilsustefnu. HV og AIP funduðu með Lárusi Blöndal forseta ÍSÍ og Líneyu Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ. Fundað hefur verið með nokkrum aðilum vegna undirbúnings 28. Landsmóts UMFÍ 2018.

3. Undirbúningur og framkvæmd 40. sambandsráðsfundar. Framkvæmd og uppsetning fundarins, helstu hlutverk stjórnarmanna og tillögur ræddar.

4. Málefni Lauga í Sælingsdal. Húsnæði Dalabyggðar að Laugum í Sælingsdal hefur verið auglýst til sölu. Ljóst er að Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ hafa skólahúsnæði til leigu út vor 2019 og mun starfemi búðanna halda áfram óbreytt eins lengi og unnt er. RH og HeJ falið að klára fjárhagslega stöðugreiningu Ungmenna- og tómstundabúðanna fyrir næsta stjórnarfund.

5. Fjármál. Yfirlit um rekstur UMFÍ frá janúar til september lagt fram. Rekstur er í samræmi við áætlanir að undanskilinni Evrópuskrifstofu þar sem gengisbreytingar hafa sett alvarlegt strik í reikninginn. Gerir stjórn kröfu um að gripið verði til frekari aðgerða og óskar eftir yfirliti um aðgerðir frá forstöðumanni EUF á fundi framkvæmdarstjórnar þann 26.10.2016.

6. Verkefni sem nýtast sem flestum sambandsaðilum. HV ræddi hvort við getum þjónustað aðildarfélög okkar frekar og möguleg verkefni með slíku markmiði.

7. Bréf sem borist hafa.

- a. Bréf frá Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA): Stjórn félagsins óskar eftir fundi með stjórn UMFÍ með samstarf í huga. Samþykkt að boða fulltrúa frá félaginu á næsta stjórnarfund.
- b. Bréf frá stjórn HSK varðandi Unglingalandsmót. AIP og HV falið að svara bréfinu.

8. Önnur mál.

- a. Æskulýðsvettvangurinn(ÆV): Fyrirspurn hefur borist frá ÆV um hvort UMFÍ sjái sért fær að hýsa skrifstofu vettvangsins. Stjórn tekur jákvætt í málið.
- b. GG lýsir áhyggjum af því að lítið sé af gistirými fyrir starfsmenn og stjórn á Egilsstöðum nema á mjög háu verði sumarið 2017 og ef til vill fleiri stöðum í framtíðinni.
- c. HV leggur til að hugað sé að auglýsingu um mótshaldara fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2020 og Landsmót UMFÍ 50+ 2019.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.40.
Næsti fundur stjórnar áætlaður 25.11.2016.
HrJ ritaði fundargerð.**